



Samvinnufélög fyrir atvinnuleitendur

Fólki á atvinnuleysissskrá býðst að taka þátt í tilraunaverkefni um stofnun samvinnufélaga með stuðningi nokkurra aðila sem hafa að markmiði að skapa ný atvinnutækifæri. Þessir aðilar eru Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Vinnumálastofnun.

Tilgangur verkefnisins

Verkefnið á sér erlenda fyrirmynd. Starfsemi samvinnufélaganna sem stofnuð verða geta falist í ýmiskonar þjónustu eins og til dæmis viðhalds- og viðgerðarþjónustu, þjónustu við eldri borgara eða fatlaða, kaffihúsi o.s.frv. Leitast verður við að starfsemi þeirra samvinnufélaga sem verða stofnuð feli í sér samfélagslegan ávinning bæði fyrir þátttakendur og þá sem njóta þjónustu félaganna. Markmið verkefnisins er annars vegar að veita atvinnuleitendum tækifæri til atvinnu og sköpunar starfa og hins vegar að þróa fræðslu- og ráðgjafarþjónustu um stofnun og rekstur samvinnufélaga til frambúðar.

Aðstoðin sem stofnendur samvinnufélaganna fá felst í eftirtöldu:

- Þeir félagsmenn sem skráðir eru á atvinnuleysissskrá Vinnumálastofnunar halda rétti til atvinnuleysisbóta í allt að 12 mánuði meðan tilraunaverkefnið stendur.
- Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst býður félagsmönnum kennslu í verklegum rekstrarþáttum (bókhalð o.fl.) og fræðslu um starfsemi samvinnufélaga (t.d. hugmyndafræði þeirra, ábyrgð og ákvarðanatataka, innihald laga um samvinnufélög).
- Nýsköpunarmiðstöð veitir handleiðslu við stofnun og rekstur samvinnufélaga.

Einkenni samvinnufélaga

Samvinnufélag er frjálst og óháður samstarfsvettvangur fólks þar sem áhersla er lögð á að koma á framfæri sameiginlegum fjárhagslegum, félagslegum og menningarlegum markmiðum með félagi sem er í sameiginlegri eigu félagsmanna og með lýðræðislega kjörna stjórn. Samvinnufélag sameinar lýðræði við viðskiptaþróun og samfélagslegri ábyrgð. Sú staðreynd að hver félagsmaður hefur eitt atkvæði óháð eignarhlutdeild í félaginu er eitt sérkenna samvinnufélaga.

Kynning á verkefninu

Verkefnið verður kynnt fyrir fólki á atvinnuleysissskrá á næstu dögum auk þess sem öllum áhugasömum verður boðið á kynningarfund hjá Nýsköpunarmiðstöð Ísland 30. október. Dagskrá fundarins verður birt á eftirtöldum heimasíðum: www.rsv.is, www.nmi.is og www.vmst.is. Áætlað er að tilraunaverkefni um stofnun samvinnufélaganna hefjist í janúar 2013.

Nánari upplýsingar veita:

Emil B. Karlsson, Rannsóknasetri verslunarinnar (emil@bifrost.is)

Gissur Pétursson, Vinnumálastofnun (gissur.petursson@vmst.is)

Karl Friðriksson (kars@nmi.is) og Sandra Brá Jóhannsdóttir (sandra@nmi.is), Nýsköpunarmiðstöð Íslands.